

## Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 5. bekkur



Kennsla: Árgangurinn skiptist í 4 smiðjur og mætir hver hópu tvisvar í viku í 80 mínútur í senn í hverja smiðju.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Handverk</b>	<p><b>Nemendur þurfa að öðlast hæfni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Velja og nota á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.</li> <li>• Gera grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.</li> </ul>	<p>Nemendur vinna hluti úr timbri þar sem reynir á notkun helstu verkfæra smíðastofunnar.</p> <p>Unnið er með ýmsar viðartegundir og nemendur kynnast þeim við vinnu sína. Uppruni þeirra og notagildið kannaður með aðstoð veraldarvefsins.</p>	<p>Að mestu er stuðst við símat, þ.e. kennarinn metur nemandann og hans vinnu eftir hvern tíma.</p>
<b>Hönnun og tækni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýra hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.</li> <li>• Velja samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.</li> </ul>	<p>Nemandi teiknar upp sínar hugmyndir og málsetur, með aðstoð kennara útfærir hann hugmyndina.</p> <p>Með aðstoð kennara velur nemandi þær samsetningar sem hæfa hverju verkefni og yfirborðsmeðferð þeirra.</p>	
<b>Umhverfi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera sér grein fyrir hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.</li> <li>• Útskýra réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað</li> </ul>	<p>Við vinnu á verkefnum er ávallt leitast við að nýta efnið sem best. Mikið er unnið með afganga og það sem til fellur í smíðastofunni. Við flokkum og endurnýtum það sem til fellur.</p> <p>Kennarinn leiðbeinir nemanda við vinnuna og hvernig best er að beita líkamanum við vinnu.</p>	

### Námsgögn:

Unnið er með ýmsar fyrirmyndir að verkefnum bæði í eigu skólans og af veraldarvefnum

### Lokanámsmat:

Símat.

Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D.